

STJÓRNARTÍÐINDI B 94 – 1998

6. nóvember 1998

2017

Nr. 645

GJALDSKRÁ

fyrir útgáfu og birtingu gagna frá Landmælingum Íslands á prentuðu formi.

1. gr.

Af útgáfu og birtingu gagna frá Landmælingum Íslands (LMÍ) í prentmiðlum skal stofnunin innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Veitt eru leyfi fyrir útgáfu og birtingu eftirfarandi gagna:

1. Ljósmyndir/loftmyndir/gervitunglamyndir.
2. Kort.
3. Stafræn gögn.
4. Annað efni í vörslu stofnunarinnar.

3. gr.

Hjá LMÍ fást sérstök eyðublöð til umsóknar um leyfi til útgáfu eða birtingar á efni eða gögnum í vörslu stofnunarinnar. Á umsóknareyðublaðinu skal meðal annars geta hvar fyrirhugað er að birta gögnin og með hvaða hætti, í hvaða upplagi, stærð og/eða mælikvarða. Í framhaldi af umsókn skal gerður sérstakur afnotasamningur þar sem kveðið er á um gjald og nánari skilmála fyrir útgáfu eða birtingu gagnanna. Að lokinni undirritun fær umsækjandi gögnin til notkunar.

4. gr.

Gjaldflokkar.

Lágmarksupphæð vegna afgreiðslu á umsókn á útgáfu- og birtingarleyfi er kr. 5.000 með virðisaukaskatti.

Gjaldskráin skiptist í fjóra gjaldflokka sem hér segir:

Flokkur 1.

Gjald fyrir birtingu gagna þegar um er að ræða:

1. Nákvæma endurgerð gagna.
2. Birt gögn í endanlegri útfærslu sem innihalda meira en 20% af kortagögnum, texta, myndefni eða öðru efni LMÍ.

Flokkur 2.

Gjald fyrir birtingu gagna sem endurgerð eru eftir gögnum LMÍ þegar um er að ræða:

1. Mikilsverðar breytingar án endurteikningar eða einföldunar.
2. Birt gögn í endanlegri útfærslu sem innihalda 20% eða minna af kortagögnum, texta, myndefni eða öðru efni frá LMÍ.

Flokkur 3.

Gjald fyrir það efni sem hefur verið unnið upp úr grunngögnum frá LMÍ en algerlega teiknað upp að nýju. Einnig heildarkort í mælikvarða 1:1.000.000 eða minni.

Flokkur 4.

Gjald fyrir útgáfuefni þar sem gögn LMÍ eru eingöngu notuð til endurskoðunar, hvort sem efnið er endurskoðað eftir gögnum útgefnum af LMÍ eða eftir útgefnum gögnum.

Um upphæð gjalda fer samkvæmt fylgiskjali með gjaldskrá þessari.

5. gr.

Reikningar eru gefnir út við undirritun afnotasamnings. Gjaldldagi er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjaldldaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Leyfisgjöld skv. gjaldskránni eru virðisaukaskattskyld.

6. gr.

Ofangreind gjaldskrá LMÍ staðfestist hér með skv. 10. gr. laga nr. 95/1997 um landmælingar og kortagerð, og öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 6. nóvember 1998.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Fylgiskjal.

Fylgiskjal með gjaldskrá fyrir útgáfu og birtingu gagna frá Landmælingum Íslands.

Stærð korts og mynda sem á að gefa út	A6 og minna 155 sm ²	A5 og minna 310 sm ²	A4 og minna 625 sm ²	A3 og minna 1250 sm ²	A2 og minna 2500 sm ²	A1 og minna 5000 sm ²	A0 og minna 10000 sm ²
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Flokkur 1	2,00	4,00	10,00	20,00	33,00	46,00	65,00
Flokkur 2	1,50	3,00	7,50	15,00	25,00	35,00	50,00
Flokkur 3	1,00	1,50	2,50	5,00	7,50	10,00	15,00
Flokkur 4	0,25	0,50	1,00	2,00	3,00	4,00	6,00

Ofangreint verð er miðað við gjald fyrir hvert eintak. Allar fjárhæðir eru tilgreindar án virðisaukaskatts.